

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 69/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 181/2008 frá 28. febrúar 2008 um sérstakar ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu Bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 181/2008 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 805/1999 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 45b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 805/1999) í XIII. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32008 R 0181:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 181/2008 frá 28. febrúar 2008 um sérstakar ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu Bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 181/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 50, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 102, 17.4.1999, bls. 64.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.